

Skagafjarðarveitur

Fundur 2 ? 05.06. 2002

Miðvikudaginn 5. júní árið 2002 kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 19:30 í Ráðhúsinu.

Mættir voru stjórnarmennirnir: Snorri Styrkársson, Árni Egilsson, og Einar Gíslason og Páll Pálsson veitustjóri. Margeir Friðriksson ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Drög að rekstrarsamningi á milli Skagafjarðarveitna ehf. og Vatnsveitu Skagafjarðar
2. Nýr ráðningarsamningur við veitustjóra
3. Nýjir ráðningarsamningar við starfsmenn Skagafjarðarveitna ehf.
4. Breytingar á langtímaláni veitunnar
5. Önnur mál

Formaður setti fund kl. 19:30

AFGREIÐSLUR:

1. Kristján Jónasson endurskoðandi hjá KPMG Endurskoðun hf. kom á fundinn og kynnti drög að rekstrarsamningi á milli Skagafjarðarveitna ehf. og Vatnsveitu Skagafjarðar. Stjórnin samþykkir framlögð drög.

Kristján vék nú af fundi.

2. Nýr ráðningarsamningur við veitustjóra. Hér vék Páll af fundi. Stjórnin samþykkir að fela stjórnarformanni að leggja drög að nýjum ráðningarsamningi við veitustjóra á þeim nótum sem um hefur verið rætt.

Páll kom inn á fundinn á ný.

3. Ræddir nýjir ráðningarsamningar við starfsmenn Skagafjarðarveitna ehf. Stjórnin samþykkir að fela veitustjóra að vinna að málinu áfram og koma með tillögur á næsta fund.

4. Breytingar á langtímaláni veitunnar. Samþykkt að fela veitustjóra og fjármálastjóra sveitarfélagsins að ræða við Búnaðarbanka Íslands um skuldbreytingu á lánessamningnum eða gera nýjan lánessamning með svipuðum kjörum til allt að 20 ára.

5. Önnur mál eru engin.

Fleira ekki gert, fundargerð upplesin og samþykkt og fundi slitið kl. 21:00